

**Heimkaup hefur innkallað vörur í samráði við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes. Um er að ræða Iceland Takeaway Chicken Jalfrezi og Iceland Takeaway Chicken Madras.**

Ástæðan fyrir innkölluninni er að vörurnar gætu innihaldið ofnæmisvalda. Um er að ræða snefilmagn af hnetum sem kemur ekki fram á umbúðum. Vörurnar sem voru seldar í verslun Prís hafa nú þegar verið teknar úr sölu.

**Upplýsingar um vöruna:**

**Vöruheiti:** Takeaway Chicken Jalfrezi og Takeaway Chicken Madras

**Vörumerki:** Iceland

**Framleiðandi:** Iceland Foods

**Innflytjandi:** Heimkaup ehf.

**Framleiðsluland:** England

**Lotunúmer:** Öll lotunúmer

**Geymsluskilyrði:** Frystivara

**Dreifing:** Prís, Smáratorgi 3

Viðskiptavinir sem keypt hafa viðkomandi vörur eru hvattir til að skila til okkar í Prís Smáratorgi 3 og fá endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir Katrín Aagestad Gunnarsdóttir, markaðsstjóri í gegnum netfangið [samband@heimkaup.is](mailto:samband@heimkaup.is)